



# Framtíðarfyrirkomulag fagháskólanáms

## Greinargerð verkefnisstjórnar

## **Framtíðarfyrirkomulag fagháskólanáms**

Greinargerð unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Reykjavík, 2019

# Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| <b>Tillögur verkefnisstjórnar .....</b>   | <b>4</b>  |
| <b>Inngangur .....</b>  | <b>5</b>  |
| <b>Verkefnisstjórn.....</b>   | <b>6</b>  |
| <b>Skilgreining verkefnis .....</b>   | <b>7</b>  |
| <b>Fagháskolanám - skilgreining .....</b>   | <b>8</b>  |
| <b>Fagháskolanám – staðan.....</b>  | <b>10</b> |
| <b>Verkefnin og framgangur þeirra .....</b>   | <b>12</b> |
| <b>Framtíðarfyrirkomulag starfsnáms á háskólastigi .....</b>  | <b>13</b> |
| 1. Fjármögnunarlíkan háskólastigsins tryggi framboð.....  | 13        |
| 2. Lokapróf frá framhaldsskóla veiti rétt til inngöngu í háskóla.....                                       | 14        |
| 3. Háskólar setji skýr en sveigjanleg inntökuskilyrði að einstökum námsbrautum .....                        | 15        |
| 4. Raunfærnimati sé beitt í ríkum mæli til að einfalda leið fólks í háskolanám, m.a. úr starfsnámi .....    | 16        |
| 5. Lagabreytingar séu gerðar til að tryggja framgang fagháskolanáms.....                                    | 17        |
| <b>Heimildaskrá.....</b>  | <b>19</b> |
| Skýrslur og greinargerðir háskóla um fagháskólaverkefni sem mennta- og menningarmálaráðuneyti styrkti:..... | 19        |

# Tillögur verkefnisstjórnar

Verkefnisstjórn um fagháskólanám leggur til að stjórnvöld, framhaldsskólar og háskólar beiti sér fyrir eftirfarandi aðgerðum og breytingum til þess að auðvelda aðgang starfsmenntaðra að háskólum og að efla hlutverk fagháskólanáms í framtíðinni:

1. Fjármögnunarlíkan háskólastigsins tryggi framboð fagháskólanáms til jafns við annað háskólanám.
2. Sérhvert lokapróf í framhaldsskóla, á 3. hæfniþrepri eða ofar, geti veitt rétt til inntöku í háskóla.
3. Háskólar setji fram skýr en sveigjanleg inntökuskilyrði að einstökum námsbrautum. Lagt er til að nemendum bjóðist háskólanám í samræmi við þekkingu þeirra og færni. Nemendur í framhaldsskóla séu vel upplýstir um inntökuskilyrði í háskóla.
4. Raunfærnimati sé beitt í ríkum mæli til að einfalda leið fólks, m.a. úr starfsnámi, í háskólanám.
5. Nauðsynlegar lagabreytingar séu gerðar til að tryggja framgang ofangreindra aðgerða og breytinga.

# Inngangur

Á síðustu árum og áratugum hefur framboð menntunar aukist og orðið fjölbreyttara hér á landi. Lög um formlega skólakerfið hafa gengið gegnum breytingar og óformlegt menntaframboð aukist. Þessar breytingar eru í samræmi við nýja hugsun sem endurspeglast í hugtökum eins og ævimenntun, símenntun og menntun í atvinnulífinu. Markmið með þróun fagháskólanáms er að koma til móts við síbreytilegar og vaxandi þarfir atvinnulífsins fyrir fjölbreyttari menntun.

Kallað er á meiri sveigjanleika í skólakerfinu svo að fleiri fái að njóta hæfileika sinna í heimi örra breytinga. Skil milli formlegrar og óformlegrar menntunar eru ekki alltaf ljós og skil milli skólastiga eru sveigjanlegri en áður. Hugmyndir um fagháskólanám hafa verið í hraðri þróun hér á landi undanfarin missiri. Í þessari greinargerð er gerð tillaga um framtíðarfyrirkomulag fagháskólanáms í samræmi við skipunarbréf.

# Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn um fagháskólanám var skipuð samkvæmt bréfi mennta- og menningarmálaráðherra 11. febrúar 2019 og var mælst til þess að verkefnisstjórn lyki störfum sínum fyrir árslok.

## Í verkefnisstjórn voru:

Benedikt Barðason, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands  
Birna Ólafsdóttir, tilnefnd af BSRB  
Finnbjörn A. Hermannsson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands  
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins  
Ingi Bogi Bogason, formaður, án tilnefningar  
Ína Dögg Eyþórsdóttir, tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins

Verkefnisstjórnin skilgreindi hlutverk sitt nánar á grundvelli skipunarbréfs ráðherra. Verkefnisstjórnin hélt sjö fundi á árinu.

# Skilgreining verkefnis

Í skipunarbréfinu kemur fram að verkefnisstjórninni eru aðallega ætluð eftirtalin verkefni:

- a) að fylgja eftir framgangi þeirra verkefna sem njóta styrkja þróunarsjóðs, meta stöðu þeirra og tryggja að þeim verði lokið með þeim árangri sem stefnt var að innan tilskilinna tímamarka.
- b) að vinna tillögur varðandi framtíðarfyrirkomulag starfsnáms á háskólastigi, móta tillögur að áherslum og forgangsröðun þeirra og skilgreina mögulega samstarfsaðila.
- c) að beina sjónum sínum að tækifærum til raunfærnimats á háskólastigi. Tillögur verkefnisstjórnar skulu tekna til umfjöllunar í samstarfsráði um fagháskólanám er mótar endanlegar tillögur til ráðherra um framtíðartilhögun fagháskólanáms.

# Fagháskólanám - skilgreining

Á Íslandi eru sjö háskólar og teljast þeir allir vera, a.m.k. í grunninn, rannsóknaháskólar. Í lögum um háskóla 2006/63 er sett fram hlutverk þeirra í 1. og 2. gr. Þeir veita æðri menntun og skipa þar öndvegi kennsla, rannsóknir, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tæknipróunar eða lista.

Um langt árabil hefur samstarf verkalýðsfélaga, samtaka atvinnurekenda og framhaldsskólastigsins um menntamál farið vaxandi. Verkalýðshreyfing og atvinnurekendasamtök hafa bent á að það skorti verulega á menntunarmöguleika á háskólastigi, leggja þurfi meiri áherslu á hagnýta verk- og tæknimenntun og háskólanám sem hefur atvinnutengd lokamarkmið. Atvinnulífið hefur bent á fagháskólanám sem raunhæfa leið til að koma á slíku námi og efla um leið atvinnulífstengda menntun á háskólastigi.

Fagháskólanám er nám með atvinnutengd námslok á háskólastigi (diplóma, bakkalár og fl.). Einkennandi fyrir fagháskólanám er skipulag og uppbygging námsins og þau nánu tengsl við atvinnulífið þar sem starfsmenntun og sérþekking er viðurkennd sem undirbúningur fyrir námið og jafnvel sem hluti námsins.

Í niðurstöðu verkefnishóps um fagháskólanám (2016) er sett fram þessi skilgreining á starfsnámi: „...menntun og þjálfun sem stefna að því að afla fólk í þeirrar þekkingar, starfsvits, leikni og/eða færni sem nauðsynleg er í ákveðnum atvinnugreinum eða almennt á vinnumarkaðnum“ (8). Bætt er við að í þeim tilfellum sem slíkt nám fari fram á háskólastigi sé um fagháskólanám að ræða.

Áðurnefndur verkefnishópur telur að fagháskólanám feli í sér námslok á háskólastigi (diplóma, bakkalár, annað) sem hafi atvinnutengd lokamarkmið. Námið og skipulag þess sé í nánum tengslum við atvinnulíf og í undirbúningi fyrir námið sé gert ráð fyrir starfsmenntun eða ríkri starfstengdri sérþekkingu. Verkefnishópur telur að meðal markmiða fagháskólanáms sé að bregðast við síbreytilegum atvinnumarkaði, að skapa aukin tækifæri fyrir fólk á vinnumarkaði, að bæta möguleika nemenda til að

finna sér starf að loknu námi og að stuðla að nýsköpun með hagsmuni nemenda og samfélags að leiðarljósi.

Verkefnisstjórn um fagháskólanám leggur þessa skilgreiningu á fagháskólanámi til grundvallar sinni vinnu og niðurstöðum þessarar greinargerðar.

# Fagháskólanám – staðan

Brautskráning úr fagháskólanámi byggir jafnan á sérhæfðu námi fyrir þá sem þegar hafa lokið prófi til starfsréttinda en getur einnig byggt á öðrum framhaldsskólaprófum, svo sem stúdentsprófi að loknu starfsnámi. Ísland er hluti af stórum vinnumarkaði og þá sérstaklega hinu Norræna atvinnusvæði. Vert er að hafa í huga að með fagháskólanámi er verið að hækka menntunarstig í ákveðnum greinum og auka fagmennsku en um leið að bæta samkeppnishæfni þjóðar. Námið þarf því að vera aðgengilegt og framkvæmanlegt fyrir þá sem það hyggjast stunda.

Hér á landi fer nám með námslok á fjórða og fimmta hæfniþrepi fram á nokkrum stöðum, m.a. hér:

- Tækniskólinn og Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) bjóða upp á námsleiðir í takt við kröfur alþjóða siglingamálastofnunarinnar. Síðustu misseri þessa náms eru á fjórða hæfniþrepi og gefa alþjóðleg fullnaðarréttindi.
- Tækniskólinn og VMA bjóða upp á iðnmeistaránám en námið er á fjórða hæfniþrepi.
- Tækniskólinn býður upp á fjórða þreps nám í stafrænni hönnun og vefþróun.
- Menntaskólinn í Kópavogi (MK) býður m.a. upp á nám í ferðamálafræðum með námslok á fjórða hæfniþrepi.
- MK býður upp á iðnmeistaránám í öllum matvælagreinum.
- FÁ hefur boðið upp á framhaldsnám fyrir sjúkraliða á fjórða hæfniþrepi.
- Háskólinn í Reykjavík (HR) er ráðandi háskóli á sviði fagháskólanáms. Flestar námsleiðir, eins og iðnfræði og byggingafræði, hafa inntökuskilyrði allt frá sveinsþrófi til iðnmeistaraprófs. Tæknifræði sker sig úr þar sem inntökuskilyrði eru D-stig vélstjórnar eða stúdentspróf.
- Háskóli Íslands fékk styrk til að vinna verkefni um leikskólafræði og heilbrigðisgagnafræði. Þar má sjá skýran árangur í námsframboði sem heyrir til fagháskólanámi.

Hvað varðar framtíðar fyrirkomulag á framkvæmd fagháskólanáms þarf að huga að ýmsu. Framkvæmd kennslu getur farið fram hjá ólíkum aðilum en forsendan fyrir því að námið sé metið hluti af háskólagráðu er að háskóli viðurkenni námið og meti það til eininga. Huga verður að því að þjónusta

við nemendur sé sem heildstæðust og að nám og kennsla við mörk framhaldsskóla og háskóla taki fyrst og fremst mið af hagsmunum nemenda.

Þrepaskipt nám, þ.e. nám sem sífellt veitir meiri réttindi, aukna þekkingu, meiri fagmennsku, aukna nýsköpun, betri grunnlaun og framleiðni hentar samfélagi þar sem hraði breytinga er mikill og krafan um menntun alla ævi verður sífellt sterkari.

# Verkefnin og framgangur beirra

Í samræmi við erindi verkefnisstjórnar um fagháskólanám var kallað eftir skýrslum um 12 verkefni frá sjö háskólum sem styrkt voru af mennta- og menningarmálaráðuneyti í ársbyrjun 2018.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti setti fram eftirfarandi markmið fyrir veitingu styrkja til að þróa fagháskólanám:

- a) Að auka aðgengi fólks með hagnýta reynslu af vinnumarkaði eða fólks sem lokið hefur starfs- eða listnámi á framhaldsskólastigi, að háskólanámi – og / eða
- b) Að auka framboð á stuttu, starfstengdu námi á háskólastigi (diplómanámi), sem svarar þörfum atvinnulífsins.

Í bréfi dags. 26. júní 2019 kallaði verkefnisstjórn um fagháskólanám, fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis, eftir upplýsingum um framkvæmd verkefna á sviði fagháskólanáms og minnti á að þeim skyldi lokið í síðasta lagi 1. júlí 2019. Svara skyldi m.a. eftirfarandi atriðum:

1. Hvert var markmið verkefnisins?
2. Hverjar verða afurðir verkefnisins til framtíðar?
3. Hvaða úttektir og gögn urðu til með verkefninu?

Háskólarnir tóku við 128 m. kr. styrk til að vinna umrædd verkefni. Sjá nánar í töflu 1 yfirlit um helstu markmið og árangur verkefnanna.

Skýrslur háskólanna um fagháskólaverkefni eru í heimildaskrá og eru vistaðar í málaskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis undir máli MMR18120073.

# Framtíðarfyrirkomulag starfsnáms á háskólastigi

Verkefnisstjórnin telur að farsælt framtíðarfyrirkomulag fagháskólanáms byggist á því að fýsilegir innviðir séu fyrir hendi. Fimm forsendur skipta höfuðmáli:

## 1. Fjármögnunarlíkan háskólastigsins tryggi framboð

Háskólar á Íslandi fá úthlutað fjármagni í samræmi við niðurstöðu á útreikningum fjárveitingalíkans. Þetta líkan er öflugasta verkfærið sem styður við stefnumótandi ákvarðanir og áherslur í starfi háskóla á Íslandi. Með þróun líkansins er unnt að veita fjármagni til skólanna á forsendum sem byggja á fleiri þáttum en þreyttum einingum nemenda á hverri önn. Færa má í líkanið aðra fjárhagslega hvata til að veita háskólum möguleika á að sinna öðrum verkefnum, áherslum eða aðferðafræði. Langtímastefna í háskólamálum getur orðið grunnur að veitingu fjár þannig að tekið sé tillit til þróunar samfélags og atvinnuháttar. Menntamálayfirvöld hljóta að styðja við framþróun og nýjungar með auknum fjárframlögum þegar það á við og þannig, með breyttum áherslum, veitt skólastofnunum tækifæri til að breyta áherslum í kennslu og rannsóknum til þjónustu við samfélag morgundagsins.

Þegar rætt er um nám á háskólastigi með atvinnutengd lokamarkmið er mikilvægt að fjárveitingarlíkanið styðji við það. Sú sérstaða sem einkennir slíkt nám verður að eiga sér stoð í líkaninu og framlög til námsins eiga að byggjast á því.

Ákjósanlegt er að fjármögnunin sé óháð því hver framkvæmdaaðili námsins er. Háskólanám er alltaf á ábyrgð viðurkennds háskóla en getur farið fram á mörgum stöðum og vottað sem slíkt. Þó verður að hafa í huga að framboð einstakra námsbrauta og námsáfanga, sem tengt er fagháskólanámi, verði í höndum þeirra skóla, framhaldsskóla eða háskóla, þar sem besta þekkingin, mesti áhuginn og skilvirkasta framkvæmdin er til staðar.

Heimilt er að meta framhaldsskólaeiningar á fjórða hæfniprepi til eininga á háskólastigi samkvæmt lögum nr. 63/2006 um háskóla. Slíkt er á forræði einstakra háskóla. Tryggja þarf formlegt samstarf milli skólastiganna með það að markmiði að háskólar meti fjórða þreps nám á milli skólastiganna í einstökum námsgreinum. Þannig má forðast að tvígreiða fyrir nám.

Mikilvægt er að fjármögnunarlíkan háskólanna taki tillit til þessa.

Við þróun á fjárveitingalíkani háskólanna er nauðsynlegt að taka tillit til annarrar þróunar sem á sér stað í menntakerfinu öllu en þar má meðal annars nefna raunfærnimat á háskólastigi. Það er mikilvægt að samhliða þróun og markvissri innleiðingu á raunfærnimati á háskólastigi verði horft á fjármögnun þess með sama hætti og fjármögnun annars háskólanáms.

Verkefnisstjórn um fagháskólanám leggur til að fjárveitingarlíkan háskólanna tryggi fjármögnun fagháskólanáms, til jafns við annað háskólanám.

## 2. Lokapróf frá framhaldsskóla veiti rétt til inngöngu í háskóla

Námsframboð hefur vaxið og tekið miklum breytingum á Íslandi undanfarin ár á sama tíma og nemendum hefur fjölgað. Aukið framboð menntunar helst í hendir við sveigjanlegra menntakerfi en áður, bæði formlegt og óformlegt. Auk menntaframboðs á fjórum til fimm skólastigum annast fræðslufyrirtæki, endurmenntunarstofnanir og menntafélög í atvinnulífinu yfirgripsmikla starfsemi, sem ýmist er rekin fyrir sjálfsaflafé eða gegnum samninga við stofnanir og fyrirtæki eða með fjárfamlögum sem eyrnamerk eru í kjarasamningum.

Það væri mikill ávinningur ef meira gegnsæi og samkvæmni væri í fyrirkomulagi námsframboðs í landinu. Það fæli í sér ávinning fyrir einstaklinga og samfélag ef lög og framkvæmd þeirra stuðlaði að liðugri samfelli í námi – milli skólastiga, milli formlega og óformlega kerfisins.

Skilyrði fyrir aðgangi að háskólanámi eru bundin í lögum um háskóla 63/2006, 19. gr. en þar segir svo: „Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi.“ Í framhaldi textans er strax losað um þessi skilyrði og sagt að heimilt sé að innrita nemendur „sem búa

yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla“ - og háskólum sé heimilt „að bjóða upp á aðfaranám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla“.

Í ljósi ofangreindrar lýsingar á réttindaprófi til háskólanáms má spyrja hvort ekki sé vert að víkka aðgang nemenda að háskólum án þess þó að dregið sé úr kröfum til að geta hafið nám á einstökum háskólabrautum. Hér er lagt til að meginreglan sé sú að sérhvert lokapróf úr framhaldsskóla á 3. hæfnijþrepri eða ofar geti veitt rétt til inngöngu í háskóla.

Háskólabrú við sérhvern háskóla skal veita aðgang að öllum háskólum og vera talin sambærileg stúdentsprófi. Með slíku væri komið á jafnari tækifærum varðandi aðgengi í háskóla. Annar möguleiki væri að háskólabrú, þ.e. sérhæft nám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi, verði láns- og styrkhæft hjá framhaldsskólum.

Tryggja þarf að sérhvert lokapróf á 3. hæfnijþrepri eða ofar geti veitt rétt til inngöngu í háskóla til samræmis við þann grunn sem nemandi býr að, líkt og í nágrannalöndunum.

Verkefnisstjórn um fagháskólanám leggur til að sérhvert lokapróf á 3. hæfnijþrepri eða ofar geti veitt rétt til inngöngu í háskóla.

### **3. Háskólar setji skýr en sveigjanleg inntökuskilyrði að einstökum námsbrautum**

Háskólar setji inntökuskilyrði sem séu sniðin að einstökum deildum og brautum. Aðgangskröfur séu ljósar en um leið sé innbyggður tiltekinn sveigjanleiki gagnvart því hvernig nemendur mæta umræddum kröfum.

Inntökuskilyrði á háskólabrautir eiga að vera skýr og gegnsæ. Ljóst sé hvað nemandi á að kunna, geta og skilja til að fá inngöngu á tilteknar háskólabrautir en sveigjanleiki sé gagnvart því hvernig hann aflar sér þeirrar færni sem er forsenda þess að nema á brautinni.

Inntökuskilyrði séu rækilega kynnt nýnemum í framhaldsskóla. Fyrirhugaðar breytingar á inntökuskilyrðum séu gerðar með nokkurra missira fyrirvara

svo framhaldsskólanemendum gefist kostur á að gera ráðstafanir í tíma um réttan undirbúning fyrir háskólanám.

Við lok framhaldsskóla geta nemendur verið komnir mislangt í að uppfylla skilyrði til að hefja nám í háskóla. Háskólinn, eða viðkomandi háskólabraut, getur brugðist við með tvennum hætti: a) Boðið nemendum nám sem til þarf, eða b) Vísað á fagaðila (framhaldsskóla, eftirmenntunarstofnun) sem býður nám sem nauðsynlegt er að ljúka áður en nám á háskólabraut hefst.

Hér skiptir meginmáli að reglur um inntökuskilyrði einstakra háskóla og námsbrauta auðveldi nám fólks á eigin forsendum.

Verkefnisstjórn um fagháskólanám leggur til að háskólar setji skýr og gegnsæ inntökuskilyrði á einstakar háskólabrautir. Kröfur til nemenda séu ljósar en sveigjanleiki sé gagnvart því hvernig þeir afla sér þeirrar færni sem er forsenda þess að nema á brautinni.

#### **4. Raunfærnimati sé beitt í ríkum mæli til að einfalda leið fólks í háskólanám, m.a. úr starfsnámi**

Til að mæta ólíkum þörfum nemenda þarf markvisst samstarf milli skóla og skólastiga. Í þessu sambandi þarf að huga að mati á hæfni nemenda.

Íslenska hæfnirammanum er ætlað að endurspeglar stigvaxandi hæfnikröfur í formlegu og óformlegu námi hér á landi. Færi gefst á að meta hæfni einstaklings við upphaf náms í háskólanámi og setja honum einstaklingsmiðaða námskrá út frá því. Með hæfni er hér átt við þekkingu, kunnáttu og leikni sem nemandinn hefur aflað sér með formlegum hætti (lokaprófum úr framhaldsskóla) og óformlegum (raunfærnimati, vottunum og viðurkenningum).

Raunfærnimat er aðferð til að meta þekkingu og færni einstaklinga, sem þeir hafa öðlast á óhefðbundinn hátt utan hefðbundins menntakerfis. Hægt er að meta þessa þekkingu og færni til inngöngu í háskóla, til styttingar á námi og jafnvel til fullrar prófgráðu. Með þessu er komið í veg fyrir að samfélagið sói fé við að miðla þekkingu til fólks sem það hefur þegar aflað

sér með óhefðbundnum leiðum. Raunfærnimat er hagkvæmt, námslega og efnahagslega, bæði fyrir samfélagið og einstaklinginn.

Raunfærnimat kemur til móts við fólk á vinnumarkaði sem vill bæta við þekkingu sína og styttir leið þess að settu marki og ýtir undir vilja þess að setjast aftur á skólabekk. Raunfærnimat nýtist vel við að meta menntun og reynslu innflyttjenda og auðveldar þeim aðgengi að frekara námi og þátttöku í atvinnulífinu.

Raunfærnimat er leið til að laða fólk á vinnumarkaði í nám og hækkar menntunarstig ákveðinna atvinnugreina. En til þess þarf að tryggja að við skipulagningu fagháskólanáms séu hæfniviðmið námsgreina skýr til að auðvelda innleiðingu raunfærnimats sem hluta af fagháskólanámi.

Í dag er staðan sú að raunfærnimat hefur ekki verið formlega innleitt við íslenska háskóla. Sumir háskólar hafa reynt að leggja mat á fyrri reynslu nemenda og veita þeim undanþágur, annaðhvort frá inntökuskilyrðum eða til styttingar náms, en ekki er vitað til þess að formlegt ferli raunfærnimats hafi verið nýtt við neinn af íslensku háskólunum. Sumir háskólar eru byrjaðir að skoða möguleika á að innleiða formlegt raunfærnimat og áhugi er til staðar. Mikilvægt er að styðja við það starf og tryggja fjármagn til að festa það í sessi.

Mikilvægt er að framhaldsskólastigið hljóti fjármagn til að þróa raunfærnimat enn frekar til að auðvelda fólk að ljúka prófi úr framhaldsskóla.

Verkefnisstjórn um fagháskólanám leggur til að háskólar þrói kerfi til að leggja mat á fyrri reynslu, þekkingu og færni nemenda.

## 5. Lagabreytingar séu gerðar til að tryggja framgang fagháskólanáms

Nauðsynlegt er að breyta lögum um háskóla til að ná fram þeim tillögum til eflingar fagháskólanámi sem lagt er til í þessari greinargerð.

Lagabreytingarnar þurfa aðallega að ná til tveggja þátta.

Annars vegar þurfa þær að liðka fyrir aðgengi fólks með ólíkan bakgrunn í háskólanám. Auðvelda þarf að mati á fyrri menntun, reynslu, hæfni og námi sé fundinn lagalegur farvegur.

Hins vegar þarf að auka fjármagn til fagháskólanáms til samræmis við annað háskólanám. Óhjákvæmilegar lýðfræðilegar og tæknilegar breytingar á samfélagi og atvinnuháttum kalla á endurskoðun á hæfnikröfum í atvinnulífinu og betri nýtingar mannuðs. Endurskoða þarf úthlutun fjármagns í menntakerfið með hliðsjón af uppbyggingu mannuðs þar sem vaxtarbroddur nýsköpunar og hagsældar liggur.

Verkefnisstjórn um fagháskólanám hvetur til að nauðsynlegar lagabreytingar séu gerðar til að tryggja framgang þeirra aðgerða og breytinga sem verkefnisstjórnin leggur til í þessari greinargerð.

# Heimildaskrá

Færniþörf á vinnumarkaði. Maí 2018

<https://www.vinnumalastofnun.is/media/2076/faerni-a-vinnumarkadi-web-110518-2.pdf>

Háskólar og vísindi á Íslandi 2015: þróun og staða. Mrn. 2015

<https://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=658726651D74059700257ED6005C7322&action=openDocument>

Niðurstaða verkefnishóps um fagháskólanám. September 2016

<https://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=91C5A8346BDCE9B6002580510049167D&action=openDocument>

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

Lög um háskóla nr. 63/2006

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2006063.html>

Um fjármögnun háskóla og fagháskóla í Finnlandi:

<https://minedu.fi/en/steering-financing-and-agreements>

Um fjármögnun háskóla og fagháskóla í Noregi:

Det kongelige kunnskapsdepartement, 2015. Konsentrasjon for kvalitet.

Strukurreform i universitets- og høyskolesektoren. Oslo.

<https://www.regjeringen.no/no/dokumenter/meld.-st.-18-2014-2015/id2402377/>

## **Skýrslur og greinargerðir háskóla um fagháskólaverkefni sem mennta- og menningarmálaráðuneyti styrkti:**

Diplómanám í ferðamálafræði. Háskóli Íslands, ágúst 2019.

Fagháskólanám í heilbrigðisgagnafræði. Háskóli Íslands, ágúst 2019.

Fagháskólanám í leikskólafræði. Háskóli Íslands, ágúst 2019.

Fagháskólanám í tæknigreinum. Háskóli Íslands, ágúst 2019.

Fagnám á háskólastigi fyrir sjúkraliða við Háskólann á Akureyri – Tillögur að framkvæmd. Febrúar 2019.

Fagnám á háskólastigi fyrir vélstjóra með D-réttindi við Háskólann á Akureyri. Febrúar 2019.

Háskolanám eftir iðnmenntun. Háskólinn í Reykjavík, október 2019.

Lokaskýrsla Háskólans á Hólum vegna fagháskólanáms innan Ferðamáladeildar og Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar. Án ártals.

Lokaskýrsla um fagháskólanám í búrekstrarfræði. Júní 2019.

Skýrsla um fagháskólaverkefni. Listaháskóli Íslands. Júní 2019

